

83. Stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima
3. maí 2017

Fundur settur kl. 08:15

Fundarstjóri: Eyrún Helga Ævarsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Olga Ingólfssdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristín Hermansdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Helga Árnadóttir og Eyrún Helga Ævarsdóttir.

1. Styrkveitingar Þekkingarsetursins Nýheima

Á fundi stjórnar þann 8. mars var umræðu um möguleika ÞN til styrkveitinga vísað til umræðu á vinnufundi stjórnar. Eftir umræðu þess fundar hefur stjórn þekkingarsetursins Nýheima tekið ákvörðun um að setrið muni ekki ráðstafa fjármagni til styrkveitinga.

2. Fundur með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytis

Farið var yfir minnisblað frá fundi forstöðumanns og formanns stjórnar með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og fór Kristín yfir helstu atriði fundarins. Umræður sköpuðust um næstu skref og möguleika ÞN til framtíðar og áherslur setursins við endurnýjun samnings við ráðuneytið. Ákveðið var að taka saman alla samstarfssamninga þekkingarsetursins og stofnana innan þess. Stjórn mun funda um núverandi samning og vinna drög að greinum hans eftir sumarfrí.

3. Drög að stefnumörkun þekkingarsetursins Nýheima 2017-2021

Hugrún Harpa kynnti drög að stefnumörkun sem nú er í vinnslu. Umræður sköpuðust um einstök atriði í drögum og forstöðumanni falið að vinna áfram að málinu.

4. Tillaga þekkingarsetursins Nýheima að samstarfi ÞN og Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Hugrún Harpa lagði fram drög að erindi til Sveitarfélagsins Hornafjarðar um samstarf stofnanna. Umræður sköpuðust um aukið samstarf milli stofnana og leggur stjórn áherslu á að efla samstarf milli þeirra. Forstöðumanni falið að vinna áfram að málinu.

5. Tilboð vegna bókhaldsþjónustu

Hugrún Harpa gerði grein fyrir að óskað hafi verið eftir tilboðum vegna bókhaldsþjónustu setursins. Stjórn fór yfir tilboð frá Deloitte og KPMG, ákveðið var að taka tilboði frá KPMG og forstöðumanni falið að vinna að málinu.

HHR
RHVB

6. **Fundarskipulag**

Hugrún lagði fram drög að fundarskipulagi fram að sumarfrí, tekin var ákvörðun um að leggja áherslu á málefni hússins á næstu vinnufundum stjórnar. Umræður sköpuðust um ýmis mál er tengjast rekstri og starfsemi innan hússins. Ákveðið að næsti og síðasti stjórnarfundur fyrir sumarfrí verði 31. maí.

Fundi slitið klukkan 9:40

Hugrún Harpa Reynisdóttir
Fyrir H. Erasm